



Borgartúni 6 • 105 Reykjavík

19. máí 2021



Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



Dagskrá

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál



Umbrot: Margrét Kröyer

Skýrsla stjórnar starfsárið 2020 - 2021

Stjórn PÍ skipuðu:

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður,
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður,
Steinunn Jónsdóttir ritari,
Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri og
 meðstjórnendurnir, **Hanna Kristín Siurðardóttir**,
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir og **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

áræðni framþróun sveigjanleiki

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS. **Hanna Kristín Sigurðardóttir** er tengiliður við fagráð. **Bjarnveig Magnúsdóttir** er tengill við vísindasjóð. **Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir** er tengiliður við Þroskahjálp og við laganeftnd. **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengill við útgáfuráð. **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við Kjörneftnd og Vísindasjóð. **Laufey Elísabet Gissurardóttir** er tengiliður við Siðaneftnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Hlutverk skrifstofu

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfar/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (styrktarsjóður, sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntunar-sjóður, starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Félagið birtir atvinnuauklýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaraneftndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundir.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsneftnd fagráðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undir búningsneftnd fagráðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa fræðslu PÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land sem og á fjarfundum.
- Vinna tengd BHM svo sem í nefndum og ráðum.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.
- Vinna við starfsmat.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með keypta þjónustu hjá bókkara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 12 skipti. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fagmál, kjaramál, starfsmat, erlent samstarf auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2020 - 2021

Fundir með stjórn PÍ, nefndum og ráðum voru haldnir 1. október 2020 þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Þar sem ekki var hægt að funda í raunheimum, funduðu formaður og framkvæmdastjóri með hverju ráði og nefnd á þessu sinni. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Særún Sigurjónsdóttir (2019-2021)
Marta María Víðó (2020-2022)
Auður Kvaran (2019-2021)
Kolbrún Stígsdóttir (2020-2022)
Lilja Össurardóttir (2019-2021)
Sunna Mjöll Bjarnadóttir (2020-2022)
Sigrún Stella Prastardóttir (2020-2022)

Tengiliður við stjórn:

Hanna Kristín Sigurðardóttir

Kjörnefnd

Brynjar Hans Lúðvíksson (2020-2022)
Ragna Ragnardóttir (2019-2021)
Valborg Helgadóttir (2019-2021)
Bjarghildur Pálsdóttir (2019-2021)
Ragnhildur Þórarinsdóttir (2020-2022)

Tengiliður við stjórn:

Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Steinunn Hafsteinsdóttir (2020-2022)
Björn Finnbogason (2020-2022)
Ragnhildur Sigurðardóttir (2019-2021)
Helga Magnúsdóttir (2019-2021)
Guðný Stefánsdóttir (2019-2021)

Tengiliður við stjórn:

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

Útgáfuráð

Hallbjörn Valgeir Rúnarsson (2020-2022)
Ingibjörg Elín Baldursdóttir (2020-2022)
Guðrún Benjamínsdóttir (2020-2022)
Trausti Júlíusson (2019-2021)
Laufey Gunnarsdóttir (2019-2021)
Friðþór Vestmann Ingason (2019-2021)
 Vantar einstakling frá Rannsóknarstofu í proskaþjálfaræðum

Tengiliður við stjórn:

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir formaður
Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri PÍ
Þórunna Halldórsdóttir ritari
Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir

Tengiliður við stjórn:

Anna Lilja Magnúsdóttir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2018-2021)
Guðný Sigurjónsdóttir (2019-2022)
Signý Þórðardóttir (2020-2023)

Varamenn:

Árni Viðar Þórarínsson (2018-2021)
Friðrik Sigurðsson (2019-2022)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2020-2023)

Tengiliður við stjórn:

Laufey Elísabet Gissurardóttir



Stéttarfélagar eru 805 talsins, fagaðilar 9 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfarafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Trúnaðarmannafundir voru sjö á starfsárinu. Þeir voru haldnir 25. september 2020, 13. nóvember 2020, 18. nóvember 2020, 19. nóvember 2020, 9. desember 2020, 20. janúar 2021, 11. febrúar 2021. Allir þessir fundir voru haldnir í fjarfundi, sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Herdís Hersteinsdóttir

Framhaldsskólar
Vantar

Ás styrktarfélag/búseta
Nína María Morávek

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Kristín Ásgeirsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Andrea Bergmann Halldórsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Guðný Árnadóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Hanna Guðrún Pétursdóttir (Setbergsskóli)

Hafnarfjörður leikskólar
Lilja Sólrún Guðmundsdóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Margrét Erla Haraldsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Kristín Helga Skarphéðinsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Reykjavík-búseta
Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Barðastaðir
Ragnheiður Jónsdóttir

Reykjavík-dagþjónusta
Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Mosfellsbær
Vantar

Klettaskóli
Magnús Guðberg Sigurðsson

Leikskólar Reykjavíkur
Særún Ósk Böðvarsdóttir

Seltjarnarnesbær
Kristín Helga Magnúsdóttir

Austurland
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Grunnskólar Akureyrar
Ólafur Aron Pétursson

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Vesturland
Vantar

Vestfirðir
Sóley Veturliðadóttir

Garðabær
Helga Linnét

Ríki Landspítali
Gerður Pálsdóttir

Grunnskólar Kópavogs
Þórunn Guðrún Einarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík
Þórunn Skúladóttir

Hafnarfjörður – Setbergsskóli
Hanna Guðrún Pétursdóttir



Kjaramálin

Kjaramál eru viðvarandi viðfangsefni hjá Proskaþjálfafélagi Íslands og tóku drjúgan tíma á liðnu starfsári. Ekki síst þar sem nær allar viðræður voru meira og minna í gegnum fjarfund vegna faraldursins. Samningar náðust við viðsemdur á opinberum vinnumarkaði eftir lengstu kjaraviðræður í manna minnum. Gott samstarf var meðal aðildarfélaganna BHM og það skipti miklu. Ýmist var um samflot að ræða eins og við ríkið eða samstarf í viðræðum og aðskildir samningar gerðir við hvert félag. Krónutöluhækkanir var það sem var í boði því lífskjarasamningarnir á almennum markaði lögðu línurnar. Slíkar hækkunir skila mestu til þeirra sem eru með lægstu launasetninguna en minna til þeirra sem eru hærra settir í launatöflunni. Launahækkunir á samningstímanum fyrir félagsfólk PÍ eru á bilinu 12-18% allt eftir samningum.

Samkomulag við ríkið var undirritað í apríl 2020, við Samband íslenskra sveitarfélaga í maí, við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu í júní og við Reykjavíkurborg, Ás styrktarfélag og Skálatún í júlí. Í öllum þessum samningum er kveðið á um styttingu vinnuvikunnar (fylgiskjal 1, 2 eða 3 allt eftir samningum) að hámarki fjórar stundir á viku og að lágmarki 65 mínútur á viku fyrir dagvinnufólk. Með hámarksstyttingu gefur félagsfólk eftir forræði yfir kaffitímum (35 mín á dag) en atvinnurekandi skal engu að síður tryggja neysluhlé yfir vinnudaginn. Tímafrestur fyrir innleiðingu hjá dagvinnufólki var 1. janúar 2021. Nú hafa flestar stofnanir ríkisins innleitt styttingu. Reykjavíkurborg hefur innleitt hámarksstyttingu heilt yfir, en ferlið reynist öllu seinlegra hjá sveitarfélögunum. Stytting vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk er öllu flóknara verkefni og felur í sér stóra kerfisbreytingu, sú stytting hófst 1. maí 2021. Sérstök verkefnastjórn leiðir þá vinnu og hefur aðsetur hjá Ríkissáttasemjara.

BHM á fulltrúa í öllum þeim innleiðingarrópum sem hafa verið skipaðir vegna styttingar vinnu-

vikunnar, auk þess að eiga fulltrúa í stýrihópi og matshópi. Alls eru 4-5 fastir fundir á viku vegna styttingarinnar og formaður og framkvæmdastjóri PÍ sitja þessa fundi. Formaður og framkvæmdastjóri eru jafnframt fulltrúar bandalagsins í innleiðingarrópi hjá

Sveitarfélögunum og Reykjavíkurborg um styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Milli funda er töluverð vinna sem varðar og samskipti, undirbúning og lestur gagna. Nokkuð hefur verið spurt um áhrif styttingar á vinnutíma á veikindarétt, orlof og sveigjanleika varðandi „skrepp“ í vinnutíma. Það er alveg skýrt að stytting vinnuvikunnar á hvorki að auka né skerða rétt fólks varðandi orlof og veikindi.

Finna má allar helstu upplýsingar inni á www.betrivinnutimi.is bæði hvað varðar dag- og vaktavinnu.

Formaður og framkvæmdastjóri PÍ reyna einnig að svara þeim fyrirspurnum sem berast en ljóst er að ekki er búið að velta við öllum steinum varðandi styttinguna og áhrif á ýmis ákvæði kjarasamninga.

Í janúar á þessu ári var síðan skrifað undir samkomulag við Samtök atvinnulífsins. Að þeim samningi standa nokkur aðildarfélög BHM og nær hann til starfa á almennum vinnumarkaði. Samkomulagið er uppfærsla á fyrri kjarasamningi og vinnutímaákvæði hafa verið aðlöguð að þeim sem gilda hjá skrifstofufólki á almennum markaði. Stjórn PÍ er sannfærð um það að innleiðing styttri vinnuviku eigi eftir að vera ein sú mikilvægasta kjarabót sem við höfum náð fram þegar til lengri tíma er litið. Ljóst er að þau skref sem voru stigin í síðustu kjarasamningum og varða styttinguna hrófla við ýmsum öðrum ákvæðum kjarasamninga en það á eftir að koma betur í ljós og samtal um þau mál er í gangi milli aðila. Alla kjarasamninga sem PÍ er aðili að, má finna á heimasíðu félagsins. Vegna samkomutakmarkana voru kjarasamningar kynntir með rafrænum hætti.

BHM

Þroskafjálfafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM og á fulltrúa í stjórn BHM og í sjóðum BHM. Formaður PÍ situr í stjórn BHM og er varaformaður í stjórn Starfsþróunarseturs háskólamanna. Framkvæmdastjóri PÍ er formaður í stjórn styrkarsjóðs BHM. Einnig situr framkvæmdastjóri fyrir hönd BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar. Gerður Pálsdóttir, trúnaðarmaður PÍ situr í stjórn orlofssjóðs BHM sem varaformaður.

Framkvæmdastjóri PÍ situr í innleiðingarhópi um styttingu vinnuvikunnar vegna vaktavinnu hjá Reykjavíkurborg og formaður PÍ í innleiðingarhópi vaktavinnu hjá sveitafélögum.

Formannafundir BHM eru haldnir mánaðarlega þar sem farið er yfir mál aðildarfélaga og bandalagsins og þar sem formaður PÍ situr í stjórn BHM hefur framkvæmdastjóri PÍ verið fulltrúi PÍ á þeim fundum í fjarveru varaformanns.

Haldinn var aukaáðalfundur BHM vegna breytinga á gjaldamódel fyrir aðildargjöld félaga til BHM. Á aukaáðalfundi var samþykkt svonefnd sáttatillaga þar sem gjaldið verður samsett úr föstu gjaldi fyrir hvern félagsmann og hlutfallslegri greiðslu af mánaðarlaunum félagsmanna. Þetta mun leiða af sér lítills háttar hækkun fyrir okkar félag frá því sem áður var.

BHM stóð fyrir fjölbreyttri fræðslu á síðasta ári í gegnum fjarfund. Fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn var fært yfir á rafrænt form og er því mun aðgengilegra nú en áður. PÍ sendi frá sér yfirlýsingu ásamt Félagsráðgjafafélagi Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands og lögupjálfafélagi Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu



á lögum um ávana- og fíkniefni sem felld var á Alþingi á liðnu sumri þar sem óvissa í málefnum fólks í fíknivanda var hörnuð. Mikilvægi skaðaminnkandi velferðarþjónustu var undirstrikuð og stjórnvöld hvött til að koma þessum málum í nauðsynlegan farveg.

Þroskafjálfafélag Íslands sendi inn umsögn í janúar 2021 um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi. Í umsögninni fagnar félagið framkomnum hugmyndum um samþættingu í þágu barna með áherslu á snemmtækan stuðning og að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu.

Í febrúar síðastliðnum gerði BHM könnun meðal félagsfólks um viðhorf, líðan og aðstæður í fjarvinnu. Um 4000 félaga tóku þátt en heildarfjöldi félagsfólks í aðildarfélögum BHM er um 16 þúsund. Svarhlutfall félaga í PÍ var 27%. Í könnuninni kemur fram að meira en 60% svarenda telja mikilvægt að BHM beiti sér fyrir því að réttur til að vinna að heiman verði tryggður í næstu kjarasamningum. Meira en 70% svarenda vilja að kjarasamningar kveði skýrt á um að atvinnurekandi skuli greiða fyrir og útvega nauðsynlegan búnað.

BHM mun kynna frekari niðurstöður á næstu vikum og fylgja málinu eftir í fjölmiðlum.



Fræðslufundir og starfsdagar

Fagráð gerði könnun meðal félagsmanna til að finna út hvaða tími hentaði þroskajálfum best til að hlýða á fræðsluerindi. Þátttakan í könnuninni var góð og er greinilegt að flestir kjósa tímann kl. 14:30 eða kl. 17:00.

Fagráð stóð fyrir fræðslu um handleiðslu og markþjálfun í október og nóvember og fengu tvo þroskajálfa til að halda erindi þær eru Kristín Lillendahl um handleiðslu og Kristín Snorraddóttir um markþjálfun. Í desember var í kaffihitting á zoom kl. 20:00 með það að markmiði að gefa þroskajálfum tækifæri til að hitast og spjalla á þessum fordæmalausu tímum. Einnig til þess að fá hugmyndir frá starfandi þroskajálfum um efni sem þeir hafa áhuga á að fræðast meira um.

Ekki var unnt að halda starfsdaga í janúar 2020, eins og hefð er fyrir, en ákveðið var að hafa ígildi málþings á netinu þar sem rætt var

um nýtt frumvarp barna- og félagsmálaráðherra. Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur skrifstofu barna- og fjölskyldumála hjá félagsmálaráðuneytinu, kynnti efni frumvarpsins og þroskajálfaþarnir, Rósa Hrönn Árnadóttir og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, ræddu um aðkomu þeirra og sýn á frumvarpið. Málþingið var vel sótt, umræður urðu nokkrar og almenn ánægja var með þingið.

Fagráð stendur nú fyrir skipulagningu starfsdaga, sem haldnir verða í september 2021 á Hótel Örk. Á starfsdögum er stefnd á að skoða réttindi þroskajálfa og hvaða hlutverki þeir gegna í réttindabaráttu þeirra sem þeir vinna með. Vinna þátttakenda á starfsdögum er að spegla sjálfa sig í fagmanninum og hlutverkum hans og finna hvar hægt er að gera betur og þá hvernig?

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Erlent samstarf

Þroskajálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norrænna þroskajálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári var haldinn stjórnarfundur hjá NFFS í gegnum fjarfund í apríl 2020 og á þann fund mætti formaður, varaformaður PÍ og Hanna Kristín Sigurðardóttir stjórnarmaður PÍ. Efni fundarins var ástandið í heiminum vegna Covid-19. Rætt var um hvernig ástandið hefur áhrif á störf þroskajálfa, samfélagið og á þá þjónustu sem þroskajálfar veita. Á þessu ári var haldinn fjarfundur 15. apríl. Á þann fund mættu fyrir PÍ formaður, varaformaður og Hanna Kristín Sigurðardóttir stjórnarmaður. Noregur hefur nú tekið við að stjórna fundunum af Danmörku sem tók við stjórninni af Íslandi. Á fundinum í apríl var farið yfir svo kölluð landsrapport, löndin senda inn fyrir fundinn skýrslu frá hverju landi þar sem kemur fram meðal annars; núverandi stjórn málaástand, kjaramál og vinnuaðstæður, vinnutími, atvinnuleysi í löndunum, námið, innra starf félaganna eins og starfsdagar málþing og fl. Stefnt er að halda fund í Osló í nóvember á þessu ári.



Félagið er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.



Samstarf við háskólasamfélagið

Útskriftarnemum ásamt starfsmönnum þroskaþjálfadeildar og leiðbeinendum í verknámi var boðið til félagsins daginn fyrir útskrift eða þann 26. júní 2020. Tilgangurinn er að bjóða verðandi þroskaþjálfum velkomna í félagið og kynna áherslur og starfsemi PÍ.

Þennan júní dag á þessu Covid ári opnaðist gluggi og við gátum haldið boð. Í boðinu veittu Landssamtökin Þroskahjálpi í samráði við Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands viðurkenningu fyrir lokaverkefni til B.A. gráðu í þroskaþjálfaræðum við Markmiðið viðurkenningarinnar er að efla ritsmíð og nýsköpun við þroskaþjálfabráut og ekki síst að vekja athygli á verkefni sem væri hagnýtt og unnið að hugmyndaauðgi.

Útskriftarárgangur 2020 er síðasti árgangurinn sem fær starfsleyfi sem þroskaþjálfari með BA gráðu í þroskaþjálfaræðum.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfra og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Hefur félagið átt tvo fundi með Menntavísindasviði Háskóla Íslands, í október 2020 og febrúar 2021, þar sem rætt var m.a. um 60e viðbótardiplóma í þroskaþjálfaræðum.

Ný reglugerð um menntun réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi tók gildi 18. apríl 2018 – námið til starfsréttinda lengd í 4 ár. Vorið 2016 var skipaður starfshópur til að greina sóknarfæri í menntun þroskaþjálfra. Niðurstöður þeirra vinnu voru birtar í skýrslu sem gefin var út af Félagsvísindastofnun í ágúst 2017.

Vorið 2018 var stofnuð nefnd um uppbyggingu náms í þroskaþjálfaræðum sú nefnd vann með skýrsluna sem gerð var 2017. Nefndin lagði fram að áframhaldandi þróun yrði í höndum námsnefnda. Frá hausti 2018 til haust 2019 fór fram endurskoðun BA-náms, endurskoðun hæfniviðmiða og námskeiða – undirbúningur fyrir viðbótardiplómu. Umsókn um nýja námsleið var samþykkt á brátafundum 30. september 2020 og staðfest í deildarráði 5. október 2020.



Síðasta ár hefur verið fordæmalaust í heiminum og mikið álag verið á allt samfélagið hér á Íslandi og hafa þroskapjálfar staði vaktina og unnið oft við erfiðar aðstæður. Heilbrigðisstéttir og uppeldisstéttir hafa enn og aftur sýnt það hversu mikilvægu hlutverki þessar stéttir sinna.

Vonandi með hækkanði sól og bóluefni fer samfélagið okkar að fara í eðlilegra horf og við sjá fram á tíma þar sem við förum hægt og rólega að ná að lifa eðlilegra lífi og eiga stundir með vinum og fjölskyldu

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjarfundabúnað síðasta starfsár eins og stjórn félagsins. Eiga allir mikla þökk fyrir að finna leiðir og vera úrræða góð á þessum tímum. Mikilvægt er að hafa virka félagsmenn sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað.

Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim þroskapjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Áherslur stjórnar 2021-2022

Efla upplýsingar um fagleg og kjaratengd mál, vinna við framkvæmd kjarasamninga og gæta hagsmuna félagsmanna. Gera þroskapjálfa sýnilegri í íslensku samfélagi og að upplýsa samfélagið um störf þroskapjálfa.

Reykjavík 4. maí 2021

Fyrir hönd stjórnar Þroskapjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir,
formaður ÞÍ



Skýrsla gjaldkera starfsárið 2020-2021

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2020. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs PÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: **8.181.151,-** eftir fjármagnsliði árið 2020.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Bjarnveig Magnúsdóttir
gjaldkeri PÍ



Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2020-2021

Trúnaðarmannaráð hélt sjö fundi á starfsárinu og voru þeir allir haldnir í fjárfundi.

Allir sjö fundirnir voru tileinkaðir styttingu vinnuvinnunnar. Farið var yfir innleiðingarferlið á styttingunni og kynntur var vefurinn www.betrivinnutimi.is Einnig var sagt frá fundum sem haldnir eru reglulega í BHM með betri vinnutíma.

Á hverjum trúnaðarmannaráðsfundi fóru trúnaðarmenn yfir innleiðinguna á sínum vinnustað og stöðuna almennt á starfstöðinni. Stytting dagvinnu tók gildi 1. janúar 2021 en stytting vaktavinnu í maí 2021.

Fyrir hönd trúnaðarmannaráðs
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko
varaformaður PÍ

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Skýrsla laganefndar 2020-2021

Á starfsárinu 2019-2020 voru lög félagsins endurskoðuð ítarlega af laganefnd og þeim breytt á aðalfundi 18. maí 2020.

Á starfsárinu 2020-2021 þótti nefndinn ekki ástæða til að yfirfara löginn né heldur bárust nefndinni tillögur að breytingum á lögum.

Skýrsla fagráðs 2020-2021

Starf fagráðs hefur verið með nokkru öðru sniði en áður hefur tíðkast enda skrítnir tímar eins og fólk kannast við. Það stoppar þó ekki fróðleiksfúsa þroskaþjálfar og hefur fagráð nýtt sér rafrænar lausnir, bæði til funda og fræðslu. Starfandi fagráð hefur fundað alls 13 sinnum frá byrjun október 2020. Hópurinn er samheldinn og margar hugmyndir koma fram á þessum fundum. Send var út könnun til að reyna að finna út hvaða tími hentaði þroskaþjálfum best til að hlýða á fræðsluerindi. Þátttakan í könnuninni var góð og er greinilegt að flestir kjósa tímann kl. 14:30 eða kl. 17:00. Fagráð hefur því notað þessar tímasetningar fyrir þá fræðslu sem skipulögð hefur verið í vetur.

Í október og nóvember héldu þær Kristín Lillendahl og Kristín Snorraddóttir erindi um handleiðslu og markþjálfun. Í desember var hóað í kaffihitting á zoom kl. 20:00 með það að markmiði að gefa þroskaþjálfum tækifæri til að hittast og spjalla, en einnig til þess að fá hugmyndir frá starfandi þroskaþjálfum um efni sem

þeir hafa áhuga á að fræðast meira um. Ekki var unnt að halda starfsdaga í janúar, eins og hefð er fyrir, en ákveðið var að hafa ígildi málþings á netinu þar sem rætt var um nýtt frumvarp barna- og félagsmálaráðherra. Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur skrifstofu barna- og fjölskyldumála hjá félagsmálaráðuneytinu, kynnti efni frumvarpsins og þroskaþjálfarnir, Rósa Hrönn Árnadóttir og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, ræddu um aðkomu þeirra og sýn á frumvarpið. Málþingið var vel sótt, umræður urðu nokkrar og almenn ánægja var með þingið.

Fagráð stendur nú fyrir skipulagningu starfsdaga, sem haldnir verða í september 2021 á Hótel Örk. Ef aðstæður í samfélaginu leyfa ekki slíka samkomu færur við starfsdagana á rafrænt form. Fagráð er staðráðið í að skapa áhugaverða og jafnframt skemmtilega starfsdaga þar sem við sækjum vinskapi og orku inn í framtíðina.



Skýrsla útgáfuráðs 2020-2021

Meginverkefni útgáfuráðs hafa setið örlítið á hakanum vegna Covid-veirunnar árið 2020. Ákveðið var eftir skipan nýrra aðila í Útgáfuráð að stefna á að koma blaði út í maí 2021. Verið er að taka á móti greinum ásamt því að vinna úr þeim og verður spennandi að sjá hvernig útkoman verður.

Útgáfuráð hefur einungis fundað á Teams-fjarfundum, ásamt samskiptum í gegnum tölvupósta, ský og samfélagsmiðla. Útgáfuráð mun halda áfram að sanka að sér greinum

og vill hvetja alla þá þroskaþjálfar sem eru að vinna að nýjungum eða öðrum áhugaverðum verkefnum til að skrifa greinar og koma til okkar í Útgáfuráði. Nánari upplýsingar um greinarskrif er hægt að sjá á heimasíðu félagsins www.throska.is og með því að senda tölvupóst á utgafurad@gmail.com.

Fundir útgáfuráðs eru búnir að vera 6. Árið 2020 var fundað 27. október og 25. nóvember og árið 2021 þann 16. febrúar, 9. mars 23. mars og 20. apríl.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2020-2021

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfra og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málafni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum PÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Siðanefnd hefur fundað tvisvar sinnum á starfsárinu í fjarfundarbúnaði og verið í samskiptum í

tölvupósti þess á milli. Aðalverkefni nefndarinnar hefur verið umfjöllun og endurskoðun á starfsreglum nefndarinnar sem snúa að tilkynningaskyldu erinda til Landlæknisembættis. Ekkert formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands

<http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>



Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2020

Árið 2020 var fyrsta árið sem styrkir þar sem ekki er þörf á að sækja sérstaklega um. Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum fyrir 1. mars 2020

samkvæmt reglum sjóðsins. Styrkir voru greiddir út fyrir tímabilið 16. maí 2019 til 31. desember 2019. Útgreiðsla styrkja var fyrir 1. mars 2020 og var upphæðin alls **42.426.765,-**

Skýrsla kjörnefndar 2020-2021

Nefndin kom nokkrum sinnum saman og fór yfir stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta.

Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins. Sextán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, sjö þroska-

þjálfar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því eru níu ný nöfn á lista þeim sem kjörnefnd stillir upp fyrir stjórn, nefndir og ráð. Vel gekk að manna í öll embættin.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða nýja þroskaþjálfra í stjórn, ráð og nefndir velkomna til starfa, og þakka þeim sem ljúka störfum fyrir vel unnin störf.

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2021-2023

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2021-2023
Stjórn PÍ			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2020-2022)	
Halldóra J. Sanko	varaformaður	(2019-2021)	Halldóra J. Sanko
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2019-2021)	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Ingibjörg G. Guðrúnardóttir		(2020-2022)	Særún Ósk Böðvarsdóttir ('21 - '22)
Steinunn Jónsdóttir		(2020-2022)	
Hanna Kristín Sigurðardóttir		(2019-2021)	Hanna Kristín Sigurðardóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2020-2022)	
Útgáfuráð			
Hallbjörn Valgeir Rúnarsson		(2020-2022)	
Ingibjörg Elín Baldursdóttir		(2020-2022)	
Trausti Júlíusson		(2019-2021)	Trausti Júlíusson
Friðþór Vestmann Ingason		(2019-2021)	Helga Sigurðardóttir
Guðrún Benjamínsdóttir		(2020-2022)	
Laufey Gunnarsdóttir		(2019-2021)	Rósa Hrönn Árnadóttir
Fagrað			
Særún Sigurjónsdóttir		(2019-2021)	Særún Sigurjónsdóttir
Sigrún Stella Þrastardóttir		(2020-2022)	
Marta María Videó		(2020-2022)	
Lilja Össurardóttir		(2019-2021)	Lilja Össurardóttir
Auður Björk Kvaran		(2019-2021)	Auður Björk Kvaran
Sunna Mjöll Bjarnadóttir		(2020-2022)	
Kolbrún Stígsdóttir		(2020-2022)	
Laganefnd			
Ragnhildur Sigurðardóttir		(2019-2021)	Ólafía M. Hinriksdóttir
Helga Magnúsdóttir		(2019-2021)	Bjargey Hinriksdóttir
Steinunn Hafsteinsdóttir		(2020-2022)	
Guðný Stefánsdóttir		(2019-2021)	Bryndís Guðmundsdóttir
Björn Finnbogason		(2020-2022)	
Kjörnefnd			
Valborg Helgadóttir		(2019-2021)	Valborg Helgadóttir
Bjarghildur Pálsdóttir		(2019-2021)	Sigurbjörg Sverrisdóttir
Ragna Ragnarsdóttir		(2019-2021)	Álfheiður Hafsteinsdóttir
Selma Hauksdóttir		(2020-2022)	
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2020-2022)	

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Fanney Sumarliðadóttir

Sigríður Rut Hilmarisdóttir

Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir**Siðanefnd**

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

(2021-2024)

Guðný Sigurjónsdóttir

(2019-2022)

Signý Þórðardóttir

(2020-2023)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Már Björnsson

(2021-2024)

Friðrik Sigurðsson

(2019-2022)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir

(2020-2023)





ÞROSKAPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

